

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta. Mig langar þó að benda áhugasömum á heimsíðu skólans og þær fjölmörgu upplýsingar sem þar er að finna.

Skólinn var settur 20. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 13. maí. Við upphaf haustannar voru skráðir 156 nemendur í skólanum, 90 stúlkur og 66 piltar. 53 nemendur hóf nám í fyrsta bekk, 51 í öðrum bekk og 52 í þriðja bekk.

Á þessu vori gengust 155 nemendur undir námsmat. Af þeim voru 4 nemendur úr öðrum framhaldsskólum sem tóku áfanga í ML í fjarnámi. Fjarnámið er á grundvelli svokallaðs Samlands, sem er samstarf lítilla framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Í dag eru brautskráðir 52 stúdentar. Af þeim 25 sem útskrifast af félags- og hugvísindabraut eru 2 á heilsuræktarlínu, 1 á íþróttalínu og 1 á listalínu. Af þeim 27 sem útskrifast af náttúruvísindabraut eru 4 á heilsuræktarlínu, 2 á íþróttalínu og 1 á listalínu.

Þess má geta að íþróttalínan grundvallast á góðu samstarfi við Ungmennafélag Laugdæla sem hefur svo sannarlega auðgað íþróttalífið á Laugarvatni og ýtt undir hreyfingu og heilbriggt lífverni unga fólksins. Það er ánægjulegt hve góð þátttakan er í körfubolta og blaki, en ríflega 40% nemenda stunda aðra hvora íþróttagreinina og sumir jafnvel báðar.

Nýnemavikan einkenndist líkt og áður af gleði. Vikunni lauk með litskrúðugri gleðigöngu og skírni fyrstu bekinga inn í skólasamfélagið.

Í lok ágúst hélt allur skólinn af stað í fjallgöngu, eins hefð er fyrir. Gengið var upp á Laugarvatnsfjall, þar sem útsýnisins var notið í einmuna blíðu.

Kynningardagurinn var haldinn hátíðlegur þann 6. nóvember. Þá heimsóttu okkur grunnskólanemendur víðsvegar af Suðurlandi. Dagkránni lauk með söngkeppninni Blítt og létt þar sem Sigurður Emil Pálsson bar sigur úr býtum.

Farið var í fjölmargar vettvangs- og skoðunarferðir. Má þar nefna Njáluferð, jarðfræðiferð, menningar- og fræðsluferð í Kvíkmyndasafn Íslands og Bíó-Paradís. 2N kynnti sér stoðtækjafyrirtækið Össur á meðan nemendur í 2F heimsóttu Alþingishúsið og Höllu forseta á Bessastöðum. Þýskunemar á þriðja ári fóru í vel heppnaða Berlínarferð í byrjun október. Fall flugfélagsins Play setti strik í reikninginn hjá frönskunemum, en sem betur fer varð Parísarferð að veruleika undir lok nóvember.

Síðastliðið haust tók Stefán Þorleifsson til starfa sem kórstjóri ML kórsins. Í vetur voru um 75% nemenda í kórnum. Jólatónleikar voru haldnir venju samkvæmt í Skálholti, fyrir fullri kirkju. Í apríl lagði kórinn land undir fót og hélt til Stokkhólms. Þar hélt kórinn tónleika, tók

þátt í hópefli, skoðaði borgina, fór á söfn og naut samverustunda. Með í ferðinni voru fjórir starfsmenn, auk kórstjóra. Þegar heim var komið hélt kórinn tvenna vel heppnaða tónleika í Skálholtskirkju á sumardaginn fyrsta.

Val í útivist á sinn sess í skólastarfinu. Umhverfi Laugarvatns býður upp á ótal möguleika til útivistar, sem að sjálfsögðu voru vel nýttir. Einnig var farið í ýmsar útivistarferðir og má þar nefna tjaldferð upp að Skillandsá hér í Laugardal, skálaferð í Bláfjöll og skíðaferð í Skagafjörð á skíðasvæði Tindastóls.

Í október fór fram ytra mat á skólanum. Mennta- og barnamálaráðuneytið byggði mat sitt á viðmiðum, sem ná til þriggja sviða skólastarfs; náms og kennslu, stjórnunar og faglegrar forystu og innra mats. Það er hverjum skóla hollt að rýna til gagns og mun þessi vinna nýtast vel til að gera gott skólastarf enn betra.

Í desember tók ML við umhverfisverðlaunum Bláskógabyggðar. Verðlaunin voru afhent umhverfisnefnd skólans fyrir framúrskarandi starf í umhverfismálum, þar sem sérstök áhersla var lögð á birkigróðursetningarverkefnið á Langamel.

ML lið Gettu betur náði þeim eftirtektarverða árangri að komast í 8-liða úrslit keppinnar og þar með í sjónvarpssal. Það gerðist síðast árið 1997. Lið ML í ár skipuðu þau Stefán Gunngeir Stefánsson, Þórey Kristín Rúnarsdóttir og Allan Hólm Rúnarsson.

Stjórnarskipti í nemendafélaginu Mími fóru fram í febrúar og er nýr stallari Fannar Óli Ólafsson frá Hvolsvelli.

Nemendur gerður sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Dagskráin var fjölbreytt; hugleiðsla, gólfglíma, þjóðbúningakynning, heimsókn í fjárhúsið í Austurey, bridge og fleira. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var haldin með glæsibrag í matsal skólans þann 6. mars.

Leikritið Gauragangur var frumsýnt 12. mars. Leikstjórar voru ML-ingurinn Óskar Snorri Óskarsson og Sigríður Ragnarsdóttir, bæði nemendur við LHÍ. Haldnar voru fimm sýningar í Aratungu við góðan orðstýr.

Í vetur fékk skólinn styrk frá Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr. Styrkurinn tryggði skólanum ýmis tæki sem nýtast vel í kennslu. Má þar nefna þrívíddarprentara, laserskurðvél og Autoklafa sem opnar fyrir ný og öruggari verkefni í líf- og heilbrigðisvísindum.

Á vordögum var lokið við allsherjar endurbætur á efnafræðistofunni. Nú er öll aðstaða til efnafræðikennslu eins og best verður á kosið. Stofan verður opin á eftir á meðan kaffisamsæti stendur og eru gestir hvattir til að líta þar inn.

Dimissio hafði sinn stað 30. apríl og mátti þá sjá Kung Fu Panda glaðbeittan á vappi um þorpið í þægilegu vorveðri.

Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 37, þar af 18 við kennslu og stjórnun.

Á liðnu skólaári sótti ML um þátttöku í Erasmus+ og hlaut aðgang að verkefninu. Erasmus+ er evrópsk samstarfsáætlun þar sem skólar úr mörgum löndum starfa saman með stuðningi Evrópusambandsins. Þessi styrkur opnar nýjar leiðir fyrir skólann. Nemendur geta farið í námsferðir til Evrópulanda og kennarar fá tækifæri til endurmenntunar og vinnuskuggaferða erlendis.

27. febrúar hélt starfslið ML til Reykjavíkur og tók þátt í *Starfsþróunardegi framhaldsskólastarfsmanna*. Fjölbreytt og áhugaverð dagskrá fór fram í 14 framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Við í ML vorum svo heppin að fá starfsfólk Menntaskólans við Sund í heimsókn í apríl. Þau fengu leiðsögn um skólahúsið og heimvistina. Síðan voru haldnar málstofur um hin ýmsu viðfangsefni sem tengjast skólastarfinu. Eins og svo oft þegar skólafólk kemur saman vantaði ekkert upp á málgleði og orðaflaum.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

Ágætu verðandi nýstúdentar!

Hér eru þið komin og hafið náð því markmiði sem þið settuð ykkur fyrir þremur árum. Reynslan og lærdómurinn sem þið hafið öðlast á leiðinni er gott veganesti fyrir nýju markmiðin sem fram undan eru. Munið að vera þið sjálf og ekki hika við að láta drauma ykkar rætast. Þið skulið ávallt hlúa vel að heilsunni því hún er grunnurinn að öllu öðru.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir,
áfangastjóri ML og staðgengill skólameistara